

Dreifibréf sent lífeyrissjóðum sem falla undir 54. gr. slsl. 31. mars 1999

Efni samþykkt lífeyrissjóða sem falla undir 54. gr. laga nr. 129/1997 - slsl.

Ráðuneytið hefur að undanförmu haft til athugunar hvaða ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (slsl.), gilda fyrir þá sjóði sem falla undir 54. gr. slsl. en þetta eru ýmsir sjóðir með ábyrgð ríkis, sveitarfélags eða banka. Í byrjun mars 1999 gaf ráðuneytið út leiðbeiningar vegna umsókna lífeyrissjóða um starfsleyfi og hafa þær nú verið sendar flest öllum sjóðum í tölvupósti. Nauðsynlegt er hins vegar að fara nánar yfir það hvaða ákvæði laganna gilda fyrir þá sjóði sem falla undir XI. kafla laganna en það getur verið misjafnt eftir því um hvers konar sjóði er að ræða.

Samkvæmt 54. gr. slsl. skal lífeyrissjóðum sem voru með ábyrgð ríkis, sveitarfélags eða banka þann 31. desember 1997, heimilt að starfa áfram á óbreyttum iðgjalda- og réttindagrundvelli fyrir þá sjóðfélaga sem áttu aðild að þessum sjóðum þann 1. júlí 1998. Kjósi þessir sjóðir að taka við iðgjöldum frá nýjum sjóðfélögum, skulu þeir eiga aðild að sérstakri deild og skal sú deild uppfylla öll ákvæði laganna. Fyrir eldri deildina og þá sjóði sem ekki kjósa að stofna nýja deild, gilda lögin eftir því sem við getur átt. Lífeyrissjóðum sem falla undir þessa grein, verður veitt sérstakt starfsleyfi vegna þess að uppfylltum skilyrðum laganna.

Nánar tiltekið gildir eftirfarandi um þessar deildir eða sjóði:

- Þau ákvæði sem fjalla um iðgjöld, skiptingu iðgjalda milli samtryggingar og séreignar og iðgjaldsstofn, gilda ekki fyrir þá, þ.e. 1. mgr. 2. gr., 3. gr. og 5. gr., enda mega iðgjöldin vera óbreytt en í flestum tilvikum miðast iðgjaldið við föst laun og er a.m.k. 10% af þeim stofni. Ákvæði sem fjalla um innheimtu og umsýslu iðgjaldanna gilda hins vegar, þ.e. 6. og 7. gr. Taki sjóðurinn aftur á móti ekki við iðgjöldum, væri nægjanlegt að í samþykktum komi fram að sjóðurinn taki ekki við iðgjöldum og þá gildir ekkert framangreindra ákvæða.
- Ákvæði 4. gr. um lágmarkstryggingarvernd og 23. gr. um ábyrgð á skuldbindingum gilda ekki. III. kafli um lífeyrisréttindin gildir ekki að undanskilinni 18. gr. sem fjallar um upplýsingaskyldu lífeyrissjóðs við sjóðfélaga. Sérstaklega skal tekið fram að 3. mgr. 14. gr. um skiptingu ellilífeyrisréttinda milli sjóðfélaga og maka hans gildir ekki en sjóðunum er að sjálfsögðu heimilt að taka skiptinguna upp. 24. gr. um gerð tryggingarfræðilegra úttekta gildir en hins vegar þarf sjóðurinn ekki að grípa til sérstakra ráðstafana í tilefni af henni, sbr. 39. gr.
- Ákvæði um fjölda sjóðfélaga í 21. gr. gildir ekki og þarf deild/sjóður sem fellur undir þennan flokk ekki að grípa til sérstakra ráðstafana vegna þess að sjóðfélagar eru of fáir.
- 36. gr. um ávöxtun eigna gildir fyrir þessa sjóði svo og önnur ákvæði í VII. kafla. Þar sem hins vegar ekki er skylt að selja eignir til að uppfylla þær kröfur sem greinin gerir, er óvíst að upptaka hennar í samþykktir sjóða hafi einhver raunverleg áhrif, sérstaklega í þeim sjóðum þar sem enginn sjóður er fyrir hendi í reynd.
- Önnur ákvæði laganna gilda fyrir þá sjóði sem eru til umfjöllunar í bréfi þessu svo sem ákvæði um breytingar á samþykktum (28. gr.), rekstur og innra eftirlit, ársreikninga og endurskoðun, eftirlit fjármálaeftirlitsins og umsjón, slit og samruna.

Hjálagt sendist eintak af leiðbeiningum ráðuneytisins en þær eru óbreyttar frá þeirri útgáfu sem kom út í byrjun mars 1999.

F.h.r.

Áslaug Guðjónsdóttir
Tómas Njáll Möller
Reykjavík 31. mars 1999